

149. löggjafarþingi 2018–2019.  
Þingskjal x — x. mál.  
Stjórnarfrumvarp.

## Frumvarp til laga

um breyting á lögum lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (rafræn vöktun, eftirlit með vigtun, fjarstýrð loftför o.fl.) og um breyting á lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu.

Frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

### I. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.**

#### 1. gr.

6. gr. laganna verður svohljóðandi:

Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun. Vigtun afla skal framkvæmd með löggiltri vog af starfsmanni, sem hlotið hefur til þess löggildingu og skal hver fisktegund vegin sérstaklega. Í löndunarhöfn skal vera til staðar virkt, rafrænt vöktunarkerfi myndavéla, sem fylgist með löndun, flutningi og vigtun afla á hafnarvog. Að vigtun lokinni, skal niðurstaða vigtunar á hafnarvog send Fiskistofu án tafar með rafrænum hætti. Í undantekningartilvikum er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá kröfum um virkt, rafrænt vöktunarkerfi, ef nauðsynlegt er til að ljúka framkvæmd löndunar eða vigtunar.

Fiskistofa getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Ráðherra skal setja reglugerð þar sem fram koma þær kröfur sem hafnir skulu uppfylla vegna vigtunar afla.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fiskistofu heimilt að veita einstökum aðilum leyfi til endurvigtunar afla sem áður hefur verið vigtaður á hafnarvog. Óheimilt er að hefja endurvigtun afla fyrir en vigtun á hafnarvog er lokið og niðurstöður vigtunar eru aðgengilegar Fiskistofu með rafrænum hætti. Niðurstöður endurvigtunar skulu vera aðgengilegar Fiskistofu með rafrænum hætti þegar að lokinni endurvigtun afla. Fiskistofu er heimilt að setja það skilyrði fyrir leyfi til endurvigtunar að streymi upplýsinga um niðurstöðu vigtunar sé í rauntíma. Það er skilyrði fyrir leyfum til endurvigtunar samkvæmt þessari málsgrein, að innra eftirlit þess aðila sem á í hlut sé fullnægjandi að mati Fiskistofu, og til staðar sé virkt, rafrænt vöktunarkerfi sem annars vegar gerir kleift að fylgjast með allri framkvæmd vigtunar með myndavélum og miðlar hins vegar upplýsingum um niðurstöður vigtunar til eftirlitsaðila. Fiskistofa getur í undantekningartilvikum veitt undanþágu frá

kröfum um virkt, rafrænt vöktunarkerfi samkvæmt þessari málsgrein, ef nauðsynlegt er til að ljúka framkvæmd vigtunar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skal vigtun afla dagróðrabáta lokið á hafnarvog og skal afli samkvæmt þeirri vigtun skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Við vigtun afla dagróðrabáta er heimilt að draga tiltekið íshlutfall frá vegnum afla í samræmi við reglugerð þar um, enda hafi aflinn verið nægilega vel ísaður og ís sé greinilegur í aflanum eða hitastig aflans í samræmi við ákvæði í reglugerð. Dagróðrabátur samkvæmt lögum þessum telst bátur sem að jafnaði kemur til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að veiðiferð hófst.

Fiskistofu er heimilt að veita uppsjávarvinnslum leyfi til vigtunar uppsjávarafla. Vigta skal uppsjávarafla þannig að vigtin miðist við ástand afla við löndun. Við aflaskráningu er heimilt að taka tillit til þess vökva sem fylgir fiskinum við löndun og ekki telst eðlilegur hluti hans. Niðurstöður vigtunar uppsjávarafla skulu vera aðgengilegar Fiskistofu með rafrænum hætti að lokinni vigtun afla. Það er skilyrði fyrir leyfum til vigtunar uppsjávarafla samkvæmt þessari málsgrein, að innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé fullnægjandi að mati Fiskistofu og til staðar sé virkt, rafrænt vöktunarkerfi sem annars vegar gerir kleift að fylgjast með allri framkvæmd vigtunar með myndavélum og miðlar hins vegar upplýsingum um niðurstöður vigtunar til eftirlitsaðila. Fiskistofu er heimilt að setja það skilyrði fyrir leyfi til vigtunar uppsjávarafla að streymi upplýsinga um niðurstöðu vigtunar sé í rauntíma. Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um fyrirkomulag vigtunar uppsjávarafla, vigtunarbúnað, hvernig búnað heimilt er að losa afla við umfram vökva og hvaða leiðréttingarstuðla skuli nota til að tryggja rétta vigt vegna mismunandi fyrirkomulags vigtunar.

Vigtun afla hjá leyfishöfum samkvæmt 3. og 4. mgr. skal framkvæmd af löggiltum vigtarmanni með löggiltum vigtunarbúnaði. Umsækjendur um leyfi til vigtunar skulu greiða gjald fyrir útgáfu leyfis og úttekt á vigtunaraðstöðu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fiskistofa við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt tímabundna undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir þessari undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi.

Að fengnum tillögum Fiskistofu og umsögn Persónuverndar setur ráðherra reglugerð um nánari kröfur til virks, rafræns vöktunarkerfis sem miðlar upplýsingum með myndavélum eða rafrænni tenginu við vigtarbúnað leyfishafa auk krafna um notkun þessara kerfa. Í reglugerð skal einnig kveðið á um varðveislu, vinnslu, öryggi og eyðingu persónuupplýsinga. Ráðherra er í reglugerð heimilt að mæla fyrir um nánari skilyrði sem setja má í leyfi til endurvigtunar eða vigtunar uppsjávarafla.

## 2. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Við gildistöku laganna 1. janúar 2020 falla úr gildi áður útgefin leyfi til vigtunar sjávarafla samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.

## II. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

## 3. gr.

Við 4. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Öll skip sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands skulu hafa um borð virkt, rafrænt myndavélakerfi, sem fylgist með veiðum og vinnslu afla. Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu hafa aðgang að upplýsingum úr myndavélakerfinu með rafrænum hætti.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, skal, að fengnum tillögum frá Fiskistofu, mælt fyrir um þær kröfur, sem gerðar eru til virks, rafræns vöktunarkerfis, og notkun þess, svo sem um varðveislu, vinnslu, öryggi og eyðingu persónuupplýsinga að fenginni umsögn Persónuverndar.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.

#### 4. gr.

Við 2. gr. laganna bætist þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Í eftirlitsskyni skulu starfsmenn Fiskistofu hafa aðgang að virkum, rafrænum vöktunarkerfum vegna veiða, vinnslu, löndunar, flutnings og vigtunar sjávaraflla. Þannig skulu starfsmenn Fiskistofu hafa aðgang að myndavélum í löndunarhöfnum, hjá vigtunarleyfishöfum og um borð í þeim skipum sem skylt er að hafa slíkan myndavélabúnað. Jafnframt skulu starfsmenn Fiskistofu hafa aðgang að rafrænum upplýsingum um niðurstöðu vigtunar með tengingu við vigtarbúnað vigtunarleyfishafa.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að nota fjarstýrð loftför í eftirlitsstörfum sínum.

Að fengnum tillögum Fiskistofu og umsögn Persónuverndar setur ráðherra reglugerð um notkun og nánari kröfur til virks, rafræns vöktunarkerfis og fjarstýrðra loftfara. Í reglugerð skal jafnframt kveðið á um varðveislu, vinnslu, öryggi og eyðingu persónuupplýsinga.

### IV. KAFLI

#### Gildistaka o.fl.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020. Þó öðlast 1. gr. laganna þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### 1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Meginmarkmið þess fyrst og fremst er að auka traust á íslenska fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Sjávarútvegur er einn veigamesti og arðbærasti atvinnuvegur landsins, sem nýtir auðlindir sjávar, og standa ríkir almannahagsmunir til þess, að hægt sé að tryggja sjálfbæra og ábyrga nýtingu þeirra. Því er mikilvægt að til staðar sé traust og skilvirkt regluverk og eftirlit, sem tekur á brotum gegn fiskveiðilöggjöfinni og hefur í senn ákveðinn fælingarmátt..

Það er grundvallarregla íslenskrar fiskveiðilöggjafar, að landa beri og vigta allan afla. Brotkast, röng aflaskráning og framhjá löndun eru meðal alvarlegustu brota gegn fiskveiðilöggjöfinni. Slík lögbrot eru í senn efnahags- og umhverfisbrot, sem brjóta gegn ábyrgri nýtingu sjávarauðlindarinnar. Ef upplýsingar um veiddan og landaðan afla eru ekki

skráðar réttilega, er um refsiverð brot að ræða, auk þess sem þær upplýsingar skekkjast, sem byggt er á, þegar ákvarðað er hversu mikið hægt er að nýta úr auðlindinni hverju sinni.

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum og ber að fylgjast með að farið sé eftir lögum og reglum við fiskveiðar og nýtingu auðlinda sjávar. Með frumvarpinu eru Fiskistofu fengnar heimildir til að nýta nútíma tækni við eftirlit til að styrkja eftirlitið og draga með því úr hættunni á alvarlegum brotum gegn fiskveiðilöggjöfni.

## 2. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.

Með reglulegu millibili hafa komið fram vísbendingar og upplýsingar um að afla sé landað fram hjá vigt eða ekki rétt staðið að endurvigtun afla. Því hefur einnig verið haldið fram að brottkast eigi sér stað í einhverjum mæli á Íslandsmiðum þó niðurstöður rannsókna sýni að það sé ekki í miklu mæli.

Eftirlit með veiðum og vigtun afla er mjög flókið og kostnaðarsamt, ef vel á að vera, og sönnunarbyrði erfið, ekki síst þegar um meint brottkast er að ræða.

Varla hefur nokkrum dulist sú umræða, sem uppi hefur verið í fjölmiðlum um skort á eftirlitsheimildum Fiskistofu til að sinna fiskveiðieftirliti og gagnrýni á lagaumgjörð eftirlitsins. M.a. hafa verið birtar opinberlega upplýsingar og myndefni um ætlað brottkast úr fiskiskipum og sögur af löndun afla, sem ekki hefur verið skráður réttilega.

Af hálfu Fiskistofu hefur því oft sinnis verið hreyft, að nauðsynlegt sé að nýta myndavélar við fiskveiðieftirlit og hafa nokkrar tilraunir verðir gerðar til þess. Árið 2013 nýtti Fiskistofa sér myndavélar með leynd við Njarðvíkurhöfn til að upplýsa mál, þar sem grunur lék á, að afla væri landað fram hjá vigt. Með úrskurði 18. september sama ár kvað Persónuvernd úr um, að slík notkun myndavéla í eftirlitsskyni félli undir rafræna vöktun og vinnslu persónuupplýsinga og var talin óheimil, enda þyrfti sérstaka lagaheimild til. Var Fiskistofu því gert að eyða gögnum málsins.

Á árinu 2017 íhugaði Fiskistofa tilraun, í samvinnu við Hafnasamband Íslands, um aðgang að efni úr rafrænum öryggis- og eftirlitsmyndavélum, sem komið hefur verið fyrir á nokkrum höfnum landsins. Um tilraunaverkefni var að ræða til að sjá hver áhrifin af slíku eftirliti yrðu og til að koma í veg fyrir að afla yrði landað án þess að hann væri veginn á hafnarvog. Haft var samráð við Persónuvernd vegna þessa fyrirhugaða tilraunaverkefnis, en niðurstaðan varð sú, að Fiskistofu væri ekki heimilt að hafa aðgang að slíku efni án lagaheimildar og var því fallið frá verkefninu.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að eftirlit Fiskistofu verði styrkt með það að markmiði að koma í veg fyrir framangreind brot. Markmið frumvarpsins er að lögfesta heimild fyrir eftirlitsaðila til að vakta löndun og vigtun afla með rafrænum eftirlitsmyndavélum. Frumvarpið skyldar sveitarfélög, fiskvinnslur og útgerðir til að hafa til staðar virkt, rafrænt eftirlitskerfi myndavéla í löndunarhöfnum og vigtunaraðstöðu vigtunarleyfishafa, sem fylgist með allri löndun og vigtun sjávarafla, svo og um borð í fiskiskipum, sem fylgist með veiðum og meðferð afla um borð. Gert er ráð fyrir að eftirlitsmenn Fiskistofu hafi aðgang að þeim kerfum og því efni, sem til verður við rafræna vöktun. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að starfsmenn Fiskistofu skulu hafa aðgang að rafrænum upplýsingum um niðurstöðu endurvigtunar og vigtun uppsjávarafla í með tengingu við vigtarbúnað vigtunarleyfishafa. Þá hefur Fiskistofa til skamms tíma nýtt sér fjarstýrð loftför við eftirlit, einkum við eftirlit með ólöglegum netaveiðum göngusilungs í sjó við strendur landsins. Var samráð haft við Persónuvernd vegna þessa, en engum lagareglum er til að dreifa um notkun fjarstýrðra loftfara við slík eftirlitsstörf. Um almenna notkun hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sett

reglugerð um starfrækslu fjarstýrðra loftfara nr. 990/2017. Því þykir rétt, að heimild sé fest í lög um notkun slíkra tækja í eftirlitsskyni, einkum ef horfir til lagasetningar um notkun þeirra með hliðsjón af persónuvernd.

### 3. Meginefni frumvarpsins.

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlitsmenn Fiskistofu hafi aðgang að rafrænum vöktunarkerfum í eftirlitsstörfum sínum. Gerð verði sú krafa, að alls staðar, þar sem löndun og vigtun sjávarafla fer fram, skuli eftirlitskerfi myndavéla vera til staðar og þau vera virk. Jafnframt er gerð sú krafa, að slík myndavélakerfi séu til staðar um borð í öllum fiskiskipum sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta á við um skip sem veiða samkvæmt aflamarki eða krókaafلامarki og jafnframt um veiðar samkvæmt hverskonar sérveiðileyfum svo sem um strandveiðar, hrognkelsaveiðar, veiðar á sæbjúgum, ígulkerjum o.fl. Þá nær þetta ákvæði einnig yfir erlend skip sem veiða í fiskveiðilögsögu Íslands samkvæmt leyfum er byggjast á milliríkjasamningum.

Enn fremur er í frumvarpinu lagt til að starfsmenn Fiskistofu skulu hafa aðgang að rafrænum upplýsingum um niðurstöðu endurvigtunar og vigtun uppsjávarafla með tengingu við vigtarbúnað vigtunarleyfishafa.

Þá er lagt til, að lögfest verði heimild Fiskistofu til að nýta fjarstýrð loftför við eftirlit. Gert er ráð fyrir, að ráðherra setji reglugerð um nánara fyrirkomulag og kröfur til búnaðar, sem skuli vera til staðar, auk þess sem þar skal kveðið á um vinnslu, varðveislu, öryggi og eyðingu persónuupplýsinga.

Með frumvarpinu eru lagðar til þrenns konar breytingar á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar sem ekki varða rafrænt eftirlit. Í fyrsta lagi er kveðið á um að hver fisktegund skuli vegin sérstaklega. Slíkt ákvæði er nú í reglugerð, en ástæða þykir til að skerpa á því með því að festa það í lög. Svokallað heimavigtunarleyfi skv. 2, mgr. 6. gr. laganna verður þrengt, þannig að einungis verði heimilt að vigta uppsjávarafla án undanfarandi vigtunar á hafnarvog. Ekki er talin ástæða til að viðhalda slíkri heimild fyrir bolfisk, en óraunhæft er að vigta uppsjávarafla með öðrum hætti en hjá vinnslustöðvunum sem taka við aflanum. Kveðið er nánar á um hvernig uppsjávarafli skuli vigtaður en er í gildandi lögum. Þá kveður frumvarpið á um að niðurstaða vigtunar á hafnarvog skuli strax send Fiskistofu með rafrænum hætti, án tillits til þess hvort endurvigtun muni fara fram eða ekki. Sama gildir um niðurstöðu endurvigtunar, að hún skal send Fiskistofu beint með rafrænum hætti. Framkvæmdin nú er þannig að niðurstaða endurvigtunar er send hlutaðeigandi hafnarvigtarmanni, sem leiðréttir sína niðurstöðu samkvæmt því og sendir síðan til Fiskistofu. Með því að breyta þessu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir getur Fiskistofa borið saman þessar tvær vigtarniðurstöður og metið samræmið á milli. Það skapar aðhald að báðum vigtunaraðilum og gefur tilefni til sérstakrar athugunar af hálfu Fiskistofu, ef umtalsvert misræmi kemur fram, ekki síst ef slíkt er endurtekið og virðist kerfisbundið.

#### *Rafræn vöktunarkerfi og virk, rafræn vöktun.*

Rafræn vöktun fellur undir lög nr. 77/2000 um persónuvernd og reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga, sem til verða við rafræna vöktun, en með rafrænni vöktun er átt við vöktun, sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði, sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði. Tekur hugtakið m.a. jafnt til vöktunar, sem leiðir eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga, og annarrar vöktunar (myndavélaeftirlits) án þess, að fram fari söfnun myndefnis, eða til annarra aðgerða sem

jafngilda vinnslu persónuupplýsinga. Öll vinnsla persónuupplýsinga, sem fer fram í tengslum við rafræna vöktun, þarf að styðjast við heimildir í lögunum, og verður vinnsla og meðferð persónuupplýsinga að fylgja fyrirmælum þeirra. Heimilt er að vinna almennar persónuupplýsingar til að fullnægja lagaskyldu, sem hvílir á ábyrgðaraðila, ef hún er nauðsynleg vegna verks, sem unnið er í þágu almannahagsmuna, eða ef hún er nauðsynleg við beitingu opinbers valds, sem ábyrgðaraðili eða þriðji maður, sem upplýsinga er miðlað til, fer með. Í öðrum tilvikum getur Persónuvernd heimilað vinnslu persónuupplýsinga, t.d. ef brýnir almannahagsmunir krefjast þess. Rafræn vöktun með eftirlitsmyndavélum skal fara fram í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi og ber að upplýsa og gera viðvart um hana, þar sem hún fer fram. Setning reglna um vöktun með eftirlitsmyndavélum og fræðsluskylda hvílir á ábyrgðaraðila vinnslu persónuupplýsinga, sem til verða við rafræna vöktun, auk þess sem ábyrgðaraðila ber að fylgja reglum um varðveislu og eyðingu persónuupplýsinga.

Með frumvarpinu er lagt til, að sú skylda verði lögð á löndunarhafnir, vigtunarleyfishafa og útgerðir að koma sér upp rafrænum vöktunarkerfum, sem eftirlitsmenn Fiskistofu hafi aðgang að. Með frumvarpinu er enn fremur gerð sú krafa, að slík vöktunarkerfi skuli vera virk. Með virkri, rafrænni vöktun er átt við, að vöktunarkerfin skuli vera fær um að safna þeim upplýsingum, sem þeim er ætlað að gera. Sé rafrænt vöktunarkerfi ekki fært um að sinna því hlutverki sínu, t.d. vegna bilunar, telst kerfið ekki virkt. Getur það því haft þau áhrif, að sé leyfi til athafna, svo sem löndunar eða vigtunar sjávarafla, bundið því, að til staðar sé virkt, rafrænt vöktunarkerfi, þá teljist leyfi ekki í gildi meðan rafrænt vöktunarkerfi er óvirkt. Heimilt verður þó að veita undanþágur í slíkum tilvikum, t.d. ef kerfi bilar í miðri framkvæmd, sem krefst virkrar, rafrænnar vöktunar, en ekki er gert ráð fyrir, að hægt sé að afla sér fyrirfram undanþágu meðan kerfi er óvirkt, t.d. til löndunar eða vigtunar sjávarafla.

#### *Virk, rafræn vöktunarkerfi á löndunarhöfnum.*

Gildandi lög gera ekki þá kröfu til löndunarhafna, að þar séu til staðar rafræn vöktunarkerfi. Engu að síður hafa margar hafnir landsins haft slík kerfi um nokkurt skeið og er streymi úr þeim í rauntíma víða aðgengilegt á veraldarvefnum. Samkvæmt 6. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar skal allur afli veginn á hafnarvog þegar við löndun aflans, en í 1. mgr. er aðeins getið tveggja skilyrða, sem löndunarhafnir skulu uppfylla, þ.e. að við vigtunina skuli notuð löggilt vog og að hún skuli framkvæmd af starfsmanni hafnar, sem hlotið hefur til þess löggildinga. Frekari kröfur til hafna um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit, skal ráðherra kveða á um í reglugerð, sbr. 3. mgr. 6. gr., og getur ráðherra bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum, sem fullnægja ekki þeim kröfum. Reglugerð samkvæmt ákvæðinu hefur enn ekki verið sett. Þær kröfur, sem gerðar eru til löndunarhafna samkvæmt frumvarpi þessu, gætu hæglega átt heima í reglugerð, en í ljósi þeirrar skyldu, sem frumvarpinu er ætlað að leggja á herðar sveitarfélaga, vigtunarleyfishafa og útgerða fiskiskipa, þykir rétt, að þessum kröfum sé fundinn staður í lögum.

#### *Virk, rafræn vöktunarkerfi hjá vigtunarleyfishöfnum.*

Þrátt fyrir þá meginreglu 1. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, að allur afli skuli veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans, getur Fiskistofa veitt leyfi til vigtunar afla í sérstakri vigtunaraðstöðu hjá seljanda eða kaupanda aflans samkvæmt 2. mgr. sömu greinar. Tvenns konar leyfi til vigtunar afla eru veitt. Annars vegar getur verið um að ræða heimild til fyrstu vigtunar afla, sem ekki hefur verið vigtaður á hafnarvog, svokölluð heimavigtun, og hins vegar heimild til endurvigtunar til að ákvarða nánar hlutfall íss í afla, sem þegar hefur verið vigtaður á hafnarvog. Leyfi til vigtunar og endanlegrar

skráningar afla með vigtunarleyfi byggir að miklu leyti á trausti til leyfishafa, en ríkar kröfur eru gerðar til þeirra að lögum. Til að styrkja enn fremur skilyrði fyrir vigtunarleyfi og bæta eftirlit með þeim aðilum, sem hafa slíkt leyfi, er með frumvarpinu lagt til að binda leyfisveitinguna því skilyrði, að handhafi slíks leyfis skuli hafa til staðar virkt rafrænt vöktunarkerfi, þannig að fylgjast megi með og kanna hvort framkvæmd vigtunar sé í samræmi við lög og reglur. Skal leyfi til vigtunar og skráningar afla samkvæmt þessari undanþágu bundið því, að virkt, rafrænt vöktunarkerfi sé til staðar. Enn fremur er lagt til að heimilt verði að gera þá kröfu, að vogir, sem afli er vigtaður á, séu tengdar rafrænum vöktunarkerfum sem streymi með rafrænum hætti upplýsingum um niðurstöðu vigtunar til eftirlitsaðila í rauntíma.

*Virk, rafræn vöktunarkerfi um borð í skipum.*

Í gildandi lögum er ekki gerð sú krafa, að rafræn vöktunarkerfi séu til staðar um borð í fiskiskipum, en frumvarpið kveður á um að leyfi til veiða í atvinnuskyni skuli bundið slíku skilyrði fyrir öll skip sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands. Er gert ráð fyrir, að ráðherra mæli nánar fyrir í reglugerð um þær kröfur, sem gerðar eru til virks, rafræns vöktunarkerfis, og notkun þess, svo sem um varðveislu, vinnslu, öryggi og eyðingu persónuupplýsinga að fenginni umsögn Persónuverndar.

*Notkun fjarstýrðra loftfara.*

Með frumvarpinu er lagt til, að lögfest verði heimild Fiskistofu til að nýta fjarstýrð loftför (flygildi) við eftirlitsstörf. Stofnunin hefur þegar nýtt sér þau í starfsemi sinni, að undangenginni tilkynningu til Persónuverndar, einkum til að fylgjast með ólögmætri netaveiði við strendur landsins, þar sem oft er erfitt yfirferðar. Vegna notkunar þeirra í eftirlitsskyni, er gert ráð fyrir, að gætt verði viðeigandi ákvæða reglugerðar nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara við notkunina, en samkvæmt reglugerðinni geta opinberir eftirlitsaðilar m.a. leitað til Samgöngustofu og óskað eftir undanþágu frá almennum reglum vegna notkunar fjarstýrðra loftfara.

*Reglugerð ráðherra.*

Myndefni úr rafrænum vöktunarkerfum getur nýst bæði í eftirlits- og refsivörsluskyni, auk þess sem af uppsetningu þeirra kunna að vera nokkur varnaðaráhrif. Um nánari útfærslu, kröfur til búnaðar og notkun, svo og reglur um varðveislu, vinnslu, öryggi og eyðingu persónuupplýsinga er gert ráð fyrir, að ráðherra setji reglugerð, að fengnum tillögum Fiskistofu og umsögn Persónuverndar. Auk þessa er gert ráð fyrir, að í reglugerð ráðherra sé kveðið nánar á um skilyrði fyrir vigtunarleyfi, kröfur til vigtarbúnaðar, svo og stærð skipa, þar sem krafa er gerð um, að virk, rafræn vöktunarkerfi skuli vera til staðar. Í frumvarpinu er lagt til að kveðið verði á um reglugerð ráðherra í þeim þremur lagabálkum, sem lagt er til að breytt verði, en reglugerð ráðherra getur tekið til allra framangreindra þátta með stöð í hverjum lögum um sig. Þannig yrði öllum helstu eftirlitsreglum, sem varða kröfur til búnaðar og skilyrði, sem og um heimildir eftirlitsmanna, notkun búnaðar, og varðveislu og vinnslu persónuupplýsinga, fundinn staður í einni reglugerð.

**4. Staðan erlendis**

Áform um rafræn eftirlitskerfi hafa lengi verið í bígerð hjá helstu nágrannalöndum okkar og hafa tilraunir með rafræn vöktunarkerfi um borð í skipum verið framkvæmdar frá síðustu aldamótum. Einna fremst standa Danir, sem hafa haldið úti tilraunaverkefni frá 2008 án þess þó að stíga skrefið til fulls. Jafnframt hafa Kanada, Bandaríkin, Ástralía, Bretland og Holland

unnið að sambærilegum tilraunum. Tilraunir í Nýja-Sjálandi hafa orðið til þess, að nú stendur til að gera það að skyldu að hafa rafræn vöktunarkerfi um borð í skipum frá og með 2018-2019. Það er sameiginlegt með þessum tilraunaverkefnum, að þau hafa skilað góðum árangri. Þá eru víða kröfur um slíkan búnað í Ameríku, m.a. um borð í öllum skipum yfir 15 metrum að lengd í Chile, og víða í Norður-Ameríku, en bundið við ákveðnar veiðar. Danmörk, Þýskaland, England og Skotland undirrituðu samkomulag í Álaborg 8. október 2009, sem miðar að því, að tekin verði upp rafræn vöktunarkerfi um borð í fiskiskipum og eru ötulir talsmenn þess, að fyrirkomulagið verði gert að skyldu innan Evrópusambandsins. Frá árinu 2013 er m.a. tekið fram í 13. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1380/2013 um sameiginlegu fiskveiðistefnuna, að til að tryggja eftirlit með löndunarskyldu alls veidds afla, skuli skrá allar veiðiferðir og hafa eftirlit með þeim, ýmist að viðstöddum eftirlitsmanni eða með notkun rafrænna vöktunarkerfa.

Þá eru dæmi um, að leyfi til vigtunar uppsjávarafla séu bundin því skilyrði, að til staðar séu rafræn vöktunarkerfi, þar sem myndavélum er beint að vigtinni sjálfri og vogarhausum til að tryggja réttar upplýsingar um niðurstöðu vigtunar. Einnig hafa verið gerðar tilraunir með notkun fjarstýrðra loftfara hjá nágrannalöndum okkar, m.a. í Skotlandi, og til stendur að Landhelgisgæslan noti ómannað loftfar í eftirlitsferðum sínum síðar á þessu ári í samvinnu við Siglingaöryggisstofnun Evrópu (EMSA).

### 5. Samráð.

Verði frumvarpið að lögum, varðar það alla þá, sem hafa með löndun sjávarafla að gera, löndunarhafnir, útgerðir og fiskvinnslur, sem hafa vigtunarleyfi. [Frumvarpið var birt til samráðs á vef Stjórnarráðsins þann xx. júní 2018 og bárust xx umsagnir. Í frumvarpinu eins og það liggur fyrir hefur verið tekið tillit til hluta af fram komnum athugasemdum. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu:]

### 5. Persónuverndarsjónarmið og friðhelgi einkalífs.

Í frumvarpi þessu koma til skoðunar sjónarmið um persónuvernd og friðhelgi einkalífsins. en frumvarpið tekur tillit til ákvæða persónuverndarlaga, sem hafa það að markmiði að vernda friðhelgi einkalífs.

Rafræn vöktun (myndavélaeftirlit) fellur undir lög nr. 77/2000 og reglur nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun. Samkvæmt 8. gr. laga nr. 77/2000 þarf öll vinnsla almennra persónuupplýsinga að styðjast við heimild í 8. gr. laganna og vinnsla viðkvæmra persónuupplýsinga þarf jafnframt að styðjast við heimild í 9. gr. laganna, en til viðkvæmra persónuupplýsinga teljast t.d. upplýsingar um hvort maður hafi verið grunaður, kærður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað, sbr. b. lið 8. tölul. 2. gr. laganna. Rafræn vöktun til söfnunar myndefnis fellur undir bæði ákvæðin.

Samkvæmt gildandi 2. mgr. 9. gr. laga nr. 77/2000 er rafræn vöktun aðeins heimil í öryggis- og eignavörsluskyni og er óheimilt að afhenda efni, sem til verður við vöktunina eða vinna það frekar, nema með samþykki þess, sem upptaka er af, eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar, en þó er heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um slys eða refsiverðan verknað. Gæta skal þess þó ætíð að eyða efninu, þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita það, nema með leyfi Persónuverndar. Þó getur Persónuvernd heimilað vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, telji hún brýna almannahagsmuni mæla með því.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að lögfest verði sérstök lagaheimild um aðgang starfsmanna Fiskistofu að rafrænum vöktunarkerfum. Með slíkri heimild er ljóst að starfsmenn Fiskistofu fá mögulega aðgang að viðkvæmum persónuupplýsingum. Fiskistofa mun aðeins



hafa aðgang að efni ábyrgðaraðila við vinnslu upplýsinganna í skilningi persónuverndarlaga, nema þegar um er að ræða upplýsingar, sem Fiskistofa aflar sjálf, t.d. með fjarstýrðum loftförum. Verði frumvarpið að lögum er um að ræða sérákvæði gagnvart almennum lögum um persónuvernd.

## 6. Mat á áhrifum.

### Almenn áhrif

Ætluð áhrif frumvarpsins eru einna helst þau að draga úr hættu á brotum gegn ákvæðum laga um íslenska fiskveiðistjórn og auka traust á kerfinu sjálfu. Um ríka almannahagsmuni er að ræða og verður að telja varnaðaráhrifin umtalsverð. Þá styrkir frumvarpið, verði það að lögum, eftirlitshlutverk Fiskistofu og úrræði í virku eftirliti með eftirlitsskyldum aðilum í sjávarútvegi.

### Fjárhagsleg áhrif

Frumvarpið gerir kröfu um rafrænt vöktunarkerfi með myndavélum í öllum höfnum þar sem fiski er landað, hjá öllum vinnslustöðvum sem hafa vigtunarleyfi, þ.e. til fyrstu vigtunar á uppsjávarfiski (s.k. heimavigtun) og endurvigtunar á bolfiski hjá fiskvinnslum og einnig í fiskiskipum sem stunda veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilögsögu Íslands. Þá getur Fiskistofa gert kröfu um að endurvigtun fari fram með búnaði sem streymir niðurstöðum vigtunar í rauntíma til Fiskistofu.

Þessi vöktunarkerfi eru þegar til staðar í mörgum höfnum, en fyrir aðrar hafnir hefur verið áætlað að kostnaður geti numið einni til tveimur millj. kr. á höfn eða um 30 millj. kr. í heild.

Uppsetning á rafrænum myndavélakerfum og öðrum búnaði hjá vinnslustöðvum og í fiskiskipum kallar á nokkurn kostnað sem ekki hefur verið metinn nákvæmlega, en talið að ekki verði mikill með tilliti til þeirra hagsmuna sem um er að ræða. Lausleg athugun bendir til að kostnaður í vinnslum og stærri skipum muni mælast í hundruðum þúsunda kr. en líklega ekki meira en um 100-200 þús. kr. í smærri bátum.

Hvað ríkissjóð varðar, mun Fiskistofa þurfa að fjárfesta í búnaði til að tengjast þeim vöktunarkerfum sem um er að ræða og þjálfa starfsfólk fyrir breytt eftirlit. Enn fremur er gert ráð fyrir að Fiskistofa muni kjósa að taka í notkun fjarstýrð loftför eins og frumvarpið heimilar. Stofnkostnaður er þó talinn rúmast innan nýrrar fjármálaáætlunar, og eins er talið að breytt fyrirkomulag geti fremur leitt til sparnaðar en aukins kostnaðar þegar fram í sækir.